

# Ræða formanns stjórnar Almenna lífeyrissjóðsins á ársfundi 2023

## Góðir sjóðfélagar

### I. Inngangur

Eftir miklar hækkunir á verðbréfamörkuðum undanfarin ár varð viðsnúningur á árinu 2022 og var þróun óhagstæð fjárfestum. Lækkun var á öllum helstu mörkuðum og endurspeglast það í ávöxtun safna sjóðsins á árinu sem var á bilinu -6,5% til 9,4%.

Óvissa vegna stríðsins í Úkraínu, þróunar orkumála í Evrópu, áhyggjur af hárrri verðbólgu og hækkun stýrivaxta leiddu til hækkunar á ávöxtunarkröfu á skuldabréfamörkuðum og lækkunar á eignamörkuðum, bæði á hlutabréfum og skuldabréfum, bæði héraðs og erlendis. Lækkun eignaverðs á öllum helstu mörkuðum heimsins hafði þau áhrif að áætlað er að verðmæti uppsafnaðs eftirlaunasparnaðar í heiminum hafi lækkað samtals um 16,7% árið 2022 sem er mesta lækkun síðan í fjármálakreppunni árið 2008.

Þegar rætt er um ávöxtun síðasta árs og lækkun á eignaverði þarf að hafa í huga að næstu ár á undan var ávöxtun mjög há, fyrst og fremst vegna lækkunar á markaðsvöxtum sem leiddu til mikillar hækkunar á flestum eignamörkuðum. Síðustu tvö árin gekk heimsfaraldur kórónaveirunnar yfir heimsbyggðina sem mörg lönd brugðust við með stórfelldum vaxtalækkunum og innspýtingu í hagkerfin, einkum með peningaprentun. Langtímaávöxtun lífeyrissparnaðar er því víðast hvar með ágætum.

Í ársskýrslu sjóðsins er gerð grein fyrir rekstri og afkomu sjóðsins á síðasta ári. Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri sjóðsins, mun hér á eftir gera grein fyrir rekstri hans og tryggingafræðilegri stöðu og síðan mun Kristjana Sigurðardóttir, fjárfestingarstjóri, fara yfir ávöxtun síðasta árs og það sem af er þessu ári auk þess að kynna fjárfestingarstefnu sjóðsins.

### II. Nýjar líftöflur og lengri meðalævi

Á árinu 2022 voru innleiddar nýjar líftöflur við mat á skuldbindingum samtryggingardeildar. Með þeim er reiknað með hækkandi lífaldri komandi kynslóða og að sjóðfélagar lifi lengur en áður var reiknað með. Vænt viðbótarár eru breytileg eftir aldri þar sem reiknað er með að sérhver árgangur lifi lengur en sá sem kom á undan.

Breyttar forsendur um lífaldur auka skuldbindingar lífeyrissjóðanna þar sem þeir greiða ellilífeyri til æviloka. Við því þurfti að bregðast og samþykkti ársfundur Almenna lífeyrissjóðsins árið 2022 mótvægisáðgerðir sem felast að mestu í því að greiða lífeyri í lengri tíma en áður var reiknað með eða að dreifa úttekt eigna yfir lengra tímabil.

1. Ný réttindatafla tók gildi á síðasta ári.
2. Iðgjald til lágmarkstryggingaverndar, sem greiðist í samtryggingarsjóð var hækkað úr 8% í 8,5% af launum.
3. Aldursháð aðlögun réttinda. Í lok ársins voru áunnin réttindi sjóðfélaga endurreiknuð miðað við nýjar forsendur og fjárhæð mánaðarlegs lífeyris vegna áunninna réttinda aðlöguð að hækkun lífaldurs og lengri greiðslutíma lífeyris.
4. Vegna góðrar ávöxtunar á árinu 2021 og árána á undan samþykkti ársfundurinn einnig að hækka ellilífeyrisréttindi og lífeyrisgreiðslur hlutfallslega jafnt um 3,95%.

Með nýjum líftöflum er stefnt að meiri fyrirsjáanleika um lífeyrisgreiðslur en með eldra fyrirkomulagi. Á undanförnum árum og áratugum hefur væntur lífaldur hækkað reglulega með nýjum upplýsingum um meðalævilengd með tilheyrandi áhrifum á skuldbindingar og

lífeyrisgreiðslur. Markmiðið er að aðlaga réttindi að þessari þróun með einskiptisaðgerð þannig að sjóðfélagar geti gert raunhæfari áætlanir en áður um lífeyrisgreiðslur byggðar á áunnum réttindum.

Við ákvörðun mótvægisáðgerða var haft að leiðarljósi að gæta sanngirni og meðalhófs og að ekki væri hallað á einhvern hóp sjóðfélaga. Ein mikilvægasta áðgerðin er aldursháð breyting réttinda þar sem fjárhæð mánaðarlegs lífeyris vegna áunninna réttinda er aðlöguð að hækkun lífaldurs og lengri greiðslutíma lífeyris. Þar sem reiknað er með að væntum árum á lífeyri fjölgi felur áðgerðin í sér lækkun mánaðarlegra lífeyrisgreiðslna, misjafnt eftir fæðingarári þar sem reiknað er með að árgangar lifi mismengi og að yngri aldurshópar lifi lengur en eldri.

Aldursháða aðlögunin var í raun óhjákvæmileg eftir að nýjar líftöflur tóku gildi. Ef þær hefðu ekki verið innleiddar myndu réttindi sjóðfélaga í framtíðinni breytast á svipaðan hátt að því gefnu að meðalævi haldi áfram að lengjast. Ef spá um lengri meðalævi rætist hins vegar ekki munu réttindin hækka aftur og aldursháða aðlögunin ganga til baka.

### III. Óheppilegar yfirlýsingar Seðlabankans

Forráðamenn Seðlabankans hafa um nokkurt skeið varpað fram alls kyns hugmyndum um lífeyrissjóðina og starfsemi þeirra. Sumar þessara hugmynda tengjast mikilvægri starfsemi sjóðanna og því er ástæða til að gera þær að umtalsefni hér í dag.

Seðlabankastjóri hefur ítrekað tjáð sig um lánveitingar til sjóðfélaga og vill lífeyrissjóði af íbúðalánamarkaði. Erfitt er að átta sig á rökum fyrir þessari breytingu en nefnt hefur verið að án beinna lánveitinga lífeyrissjóða yrði peningastefna Seðlabankans virkari. Þá hefur verið ýjað að því að þekking á lánveitingum innan lífeyrissjóðanna væri minni en hjá bönkunum.

Þessi rök standast auðvitað enga skoðun, sjóðirnir hafa stundað lánveitingar í áratugi með góðum árangri og hjá þeim eru til staðar þrautreyndir verkferlar og þekking meðal starfsmanna. Og sjóðirnir verða auðvitað að veita lán á markaðskjörum hverju sinni sem ráðast meðal annars af peningastefnu Seðlabankans. Ef lífeyrissjóðir færu af íbúðarlánamarkaði myndi lánveitendum fækka verulega og fákeppni taka við af samkeppni.

Á nýlegum opnum fundi varpaði varaseðlabankastjóri fram þeirri hugmynd að „brjóta upp lífeyriskerfið“ með því að aðgreina viðbótarlífeyrissparnað frá skyldusparnaði. Bara sísvona. Og rökin, jú viðbótarlífeyrissparnaður lífeyrissjóða veldur vandamálum varðandi stjórnarhætti. Af orðum seðlabankamanna verður ekki annað ráðið en að þeir vilji að lífeyrissjóðir hætti að bjóða upp á leiðir fyrir viðbótarlífeyrissparnað.

Viðbótarlífeyrissparnaður varð upphaflega til á vettvangi lífeyrissjóðanna og fellur vel að starfsemi þeirra. Þannig geta sjóðfélagar valið á milli fjölmargra ávöxtunarleiða sem fjárfesta á innlendum og erlendum verðbréfamörkuðum, á sama kostnaði og lífeyrissjóðirnir sjálfir. Þetta er einstakt tækifæri fyrir einstaklinga sem geta með þessu móti notið eignadreifingar sem þeir gætu aldrei náð sjálfir og með mun minni tilkostnaði en bjóðast með milligöngu annarra fjármálafyrirtækja.

Aðskilnaður viðbótarlífeyrissparnaðar frá lífeyrissjóðum hefði lítil sem engin áhrif á stjórnarhætti. Sjóðirnir verða áfram stórir og gleymum því ekki að rúm 90% eigna þeirra eru í samtryggingu og svo er hluti séreignar skilgreind sem lágmarkstryggingavernd. Aðgreining viðbótarlífeyrissparnaðar frá lífeyrissjóðunum mun því fyrst og fremst bitna á neytendum sem munu þá hafa um færri og dýrari kosti að velja – í sumum tilvikum mun dýrari.

Það er eðlilegt og sjálfsagt að Seðlabankinn hafi skoðanir á umgjörð lífeyriskerfisins en hlutverk bankans er meðal annars að stuðla að fjármálastöðugleika og traustri og öruggri fjármálastarfsemi. Vangaveltur um stórar breytingar eru hins vegar óheppilegar án undangenginnar umræðu og greiningar.

#### IV. Önnur mikilvæg atriði

Markmið Almenna lífeyrissjóðsins er að veita góða þjónustu, faglega fræðslu og ráðgjöf. Á árinu voru stigin skref í að efla rafrænar þjónustuleiðir fyrir sjóðfélaga með endurbættum sjóðfélagavef og nýjum lánavef. Á sjóðfélagavefnum geta sjóðfélagar séð upplýsingar um réttindi og séreign á myndrænu formi auk þess að fylla út umsóknir og senda til sjóðsins. Á lánavef er hægt að sækja um lán og greiða aukagreiðslur þegar það hentar. Í október tók sjóðurinn svo í notkun tímapantanakerfi þar sem sjóðfélagar geta pantað viðtal eða símtal við ráðgjafa í gegnum heimasíðu sjóðsins.

Í október 2022 tilkynnti fjármála- og efnahagsráðherra um mögulegar aðgerðir vegna stöðu ÍL-sjóðs og óskaði eftir viðræðum við eigendur HFF skuldabréfa um uppgjör sem miðast við höfuðstól og áfallna vexti og verðbætur. Í framhaldi af tilkynningunni hækkaði ávöxtunarkrafa á markaði og markaðsverð bréfanna í eigu Almenna féll að meðaltali um 12%. Í útboðslýsingu HFF skuldabréfanna frá árinu 2004 er sérstaklega fjallað um ábyrgð ríkisins á skuldabréfunum. Þar segir meðal annars að ábyrgðin sé óafturkallanleg og taki til allra núverandi og framtíðarskuldbindinga skuldabréfanna. Með hliðsjón af þessari yfirlýsingu og ítarlegum lögfræðiálitum Logos lögmannsþjónustu og Róbert Spanó hafa lífeyrissjóðir hafnað viðræðum við ríkið um uppgjör nema að þær miðist við fullt uppgjör samkvæmt skilmálum skuldabréfanna og taki þá tillit til vaxtagreiðslna í framtíðinni.

Nú bendir margt til þess að í vor taki gildi ný heildarlög um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar. Meginefni laganna er lögfesting tveggja reglugerða um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og hins vegar reglugerð um samræmt flokkunarkerfi sem gerir það mögulegt að flokka atvinnustarfsemi eftir því hvort hún er umhverfissjálfbær eða ekki. Starfsfólk sjóðsins hefur unnið að undirbúningi þessara reglna en ljóst er að með þeim eru lagðar auknar skyldur á lífeyrissjóði og fyrirtæki.

Á árinu 2022 var í fyrsta sinn kosið til stjórnar með rafrænum hætti. Í boði voru tvö laus sæti í aðalstjórn og eitt í varastjórn. Kosningin tókst vel og var kjörsókn rúmlega fjórfalt meiri en áður. Hér á eftir verður tilkynnt um niðurstöðu í rafrænu stjórnarkjöri 2023 en tólf sjóðfélagar buðu sig fram í tvö laus sæti í stjórn og fjórir um eitt sæti í varastjórn. Við erum stolt af þessari miklu þátttöku og ég vil nota tækifærið og þakka frambjóðendum fyrir að gefa kost á sér. Það sýnir mikinn styrkleika sjóðsins að svo margir hæfir frambjóðendur séu tilbúnir til stjórnarstarfa.

#### VI. Stjórnarstörf

Stjórnin fundar að jafnaði einu sinni í mánuði þar sem fjallað er um tilfallandi verkefni og önnur samkvæmt fyrirfram ákveðinni fundaáætlun þar sem verkefnum er dreift yfir árið. Einnig hittist stjórnin á aukafundum ef tilefni er til. Á tímabilinu frá apríl 2022 til mars 2023 fundaði stjórnin 14 sinnum. Stjórnarmenn hafa auk þess mætt á ýmsa fundi milli stjórnarfunda til að greina mál og undirbúa fundi.

Ég vil nota þetta tækifæri og færa meðstjórnendum þakkir fyrir gott samstarf á liðnu ári. Á ársfundinum lýkur kjörtímabili Ólafs Hvanndals Jónssonar og Sigríðar Magnúsdóttur í aðalstjórn auk Helgu Jónsdóttur, varamanns. Ólafur og Helga gef ekki kost á sér til endurkjörs og vil ég færa þeim sérstakar þakkir fyrir sín störf.

Ég vil að lokum þakka sjóðfélögum fyrir ánægjuleg samskipti og samstarfið á liðnu ári. Einnig vil ég þakka starfsfólki sjóðsins fyrir góð störf og ánægjulegt samstarf.